

Nd.

87. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá 1. minnihl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, hefur verið rætt í sjávarútvegsnefnd og var sent eftirgreindum aðilum til umsagnar: A.S.Í., L.Í.Ú., Sölumiðstöð hraðfrystihúsa, Sjávarútflutningsdeild S.Í.S., Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiski-
mannasambandi Íslands og A.S.V. Tveir hinir síðasttöldu aðilar sendu ekki svör, en hinir svöruðu allir og mæltu með samþykkt frumvarpsins, en raunar kom fram af svari sumra, að þeir mæltu með samþykkt frumvarpsins, af því að ríkisvaldið léti ekki aðra kosti fala um sinn til að leysa úr rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, svo sem fram kemur af nefndarálitum. Undirritaður nefndarmaður lítur svo á, að tillögugrein frumvarpsins samrýmist ekki tilgangi Verðjöfnunarsjóðs, svo sem hann er skilgreindur í lögum hans, eða eins og 1. gr. laganna hljóðar:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“

M. ö. o. tilgangur sjóðsins er að bæta upp óvæntar verðlækkningar á erlendum mörkuðum, en samkvæmt frumvarpinu á allt í einu að grípa ofan í sjóðinn til að bæta upp minni afla á vissum fisktegundum en ráð hafði verið fyrir gert í verð-
útreikningum og hækkaðan rekstrarkostnað. Þetta á að gerast í bili, meðan ríkisstjórnin er að hugleiða, hvernig hún eigi að bregðast raunhæft við vandanum.

Varla verður það misskilið af lögum um Verðjöfnunarsjóð, að hann er stofnaður af framlögum sjómanna, útgerðar og fiskiðnaðar og því í raun eign þeirra, deildaskipt eftir tegundum afurða.

Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram, að nauðsyn hafi þótt við verð-
ákvörðun á fiski fyrir verðlagstímabilið 1. okt. til 31. des. þ. á. að hækka fiskverð verulega til að bæta kjör sjómanna til samræmis við kjör annarra stétta og bæta hag útgerðarinnar, en þessa hækkun þoli fiskiðnaðurinn þó ekki bótalaust og því sé fangaráðið að grípa ákveðna lúku úr Verðjöfnunarsjóðnum. Þetta er líkt úrræði og ef Atvinnuleysistryggingasjóði yrði að hluta varið til þess að greiða verkamönnum og öðrum eigendum sínum, þó ekki nema sumum, uppbót á vinnulaunin, ef atvinnurekandinn teldist þess ekki umkominn að greiða þau að fullu, svo að viðhlítandi þættu.

Að öllu þessu athuguðu virðist það fráleitt, að Alþingi fari að lögleyfa umbeðna notkun á Verðjöfnunarsjóði, gæti og boðið heim alls konar líkri ráðsmennsku með aðra sjóði stofnaða í sérgreindum tilgangi.

Hinu er ekki ástæða til að andæfa — enda mun sjóðsstjórnin hafa til þess vald án lagasetningar — að lána ríkisstjórninni umræddar 85—90 millj. kr. rekstrar-
kreppu útvegs og fiskiðnaðar til úrlausnar, meðan valdhafarnir eru að finna og koma sér saman um sína endanlegu lausn á vandanum.

Undirritaður leggur því til, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarpið fer í bága við tilgang og anda laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en bráðabirgðatilgangi frumvarpsins má ná með láni úr sjóðnum, og til þess þarf enga nýja lagasetningu, telur deildin ekki ástæðu til að fjalla frekar um frumvarp þetta, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. nóv. 1972.

Bragi Sigurjónsson.